



Fréttatilkynning
til fjölmiðla
frá skrifstofu forseta Íslands

AFHENDING ÁSKORANA

Skrifstofa forseta Íslands vill áréttta vegna umfjöllunar í fréttum að forseta barst þriðjudaginn 15. febrúar síðastliðinn ósk frá aðstandendum söfnunarinnar *kjósum.is* um fund með forseta vegna fyrirhugaðrar afhendingar undirskrifta.

Í morgun bauð forseti aðstandendum söfnunarinnar að afhenda lista sína kl. 15:00 í dag, fimmtudaginn 17. febrúar, á Bessastöðum en talsmenn söfnunarinnar tjáðu forsetaskrifstofu að þeir þyrftu lengri tíma til að sannreyna undirskriftirnar. Afráðið var að gefa nokkurn frest og hefur forseti boðað aðstandendur söfnunarinnar til Bessastaða klukkan 11:00 í fyrramálið, föstudaginn 18. febrúar.

17. febrúar 2011

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).